



Safnahúsið Ísafirði Gamla sjúkrahúsið

Ársskýrsla 2016

Ársskýrsla safnanna í Safnahúsinu 2016

Gamla sjúkrahúsið hýsir Bæjar- og héraðsbókasafnið Ísafirði, Héraðsskjalasafnið Ísafirði, Ljósmyndasafnið Ísafirði og Listasafn Ísafjarðar. Húsið var vígt sem safnahús árið 2003.

Þann 8. desember 1987 samþykkti bæjarstjórn að gamla sjúkrahúsið yrði gert að safnahúsi. Það varð svo eitt af menningarhúsum bæjarins í kjölfar menningarhúsasamnings við ríkissjóð.

Samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar þann 12. júní 2003 skyldi Gamla sjúkrahúsið á Eyrartúni framvegis nefnast Safnahúsið Eyrartúni. Jafnframt var samþykkt að merki hússins yrði mynd af framhlið þess.

Vefur safnanna er www.safnis.is.

Bókasafnið

Bókasafnið á Ísafirði starfar samkvæmt bókasafnslögum, nr. 150 frá 2012. Í 1. grein segir að hlutverk bókasafna sé að vera „...þekkingarveitur og fræðslustofnanir sem halda uppi virkri og fjölbættri upplýsingaþjónustu á sem flestum sviðum og tryggja jafnframt varðveislu þess menningararfs sem bókasöfn hafa að geyma.“ Einnig segir í 6. grein: „ Sameiginlegt markmið bókasafna, sem undir lög þessi falla, er að veita aðgang að fjölbreyttu safnefni og upplýsingum á mismunandi formi. Þau skulu efla menningar- og vísindastarfsemi, menntun, símenntun, atvinnulíf, íslenska tungu, ánægjulestur og upplýsingalæsi. Hlutverk bókasafna er að jafna aðgengi að menningu og þekkingu. Áhersla skal lögð á að safnkostur bókasafna endurspegli sem flest sjónarmið.“

Bókasafnið mun setja sér leiðarljós og markmið í samræmi við lögin.

Lykiltölur

Útlán: 17.298 (17.868)

Útlán á íbúa í Ísafjarðarbæ: 4.8 (4.9)

Millisafnalán: fengið 32/sent 20 (48/16)

Heimsóknir leikskólabarna, skipulagðar : 28 (16)

Heimsóknir grunnskólabarna, skipulagðar: 9 (20)

Afgreiðslustundir á viku: 28 (28)

Safnkostur skráður í Gegni í árslok: 58.828 (56.413)

Sumarlestur, þáttakendur: 78 (62)

Starfsfólk: 3 (3). Stöðugildi: 2,55 (2,60)

Aðföng á árinu voru 829. Þar af 283(börn) / 546(fullorðnir) eintök.

Afskriftir: vegna slita 4.118, vegna vanskila 32

Þjónusta safnsins. Bókasafnið býður upp á fjölbreytt úrval bóka fyrir börn og fullorðna, mynddiska og hljóðbækur. Safnið leggur áherslu á góða þjónustu við börn og unglinga. Upplýsingaþjónusta er snar þáttur í starfsemi bókasafnsins: almenningur, skólar, stofnanir og fólk á öllum skólastigum fær aðstoð við að finna þær upplýsingar og heimildir sem það leitar eftir. Bókasafnið leitast við að bjóða upp á dagskrár sem tengjast bókmenntum.

Kynningar á viðburðum bókasafnsins fara fram á heimasíðu og Facebook síðu safnsins, auk fréttatilkynninga í Bæjarins besta og upplýsinga í tölvupósti til þeirra sem þess óska.

Starfið á árinu. Lokið við að tengja og skrá efni úr geymslum í kjallara í Gegni, aðeins eftir elstu bækur í eldtraustri geymslu. Eldri tímarit færð inn í Gegni.

Í september var eitt af herbergjum á fyrstu hæð tekið undir unglindaherbergi sem hafði ekki verið til áður, unglindahækur og teiknimyndasögur færðust þangað. 8., 9. og 10. bekk Gí boðið að koma og kynna sér nýju aðstöðuna. Ferðahandbækur voru færðar í lessal á 2. hæð, þar sem er búið að grísa töluvert og byrjað að minnka umfang handbóka.

Leikherbergi var búið til inn af smábarnadeildinni, teiknimyndasögur sem þar voru færðust í unglindahækur og herbergið lokað meira af.

Viðburðir

Fyrsta Bókasjall ársins var í febrúar, þá sagði Elísabet Gunnarsdóttir frá uppáhaldsbókum sínum, og Eiríkur Örn Norðdahl fjallaði um og las upp úr nýjustu skáldsögu sinni Heimsku.

Í apríl fjallaði Ingi Björn Guðnason bókmenntafræðingur um sameiginlega þræði í skáldverkum Jóns Kalmans Stefánssonar. Í september var það Matthildur Helgadóttir Jónudóttir sem fjallaði um bækur sem eru henni eftirminnilegar, og Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir rifjaði upp minningar um bókasafnið í Hnífsdal, hana Dísu á bókasafninu, bækur og sitthvað fleira tengt Hnífsdal. Í nóvember var fjórða bókasjallið þegar Halla Signý Kristjánsdóttir sagði frá sínum uppáhaldsbókum, og Jóhanna G. Kristjánsdóttir kynnti bók sína, þá fyrstu í ritröð sem kallast Þorp verður til á Flateyri.

Bókasafnsdagurinn 8. sept. Þema dagsins voru ljóð, sem voru vel sýnileg á bókasafninu þennan dag.

Veturnætur voru 20.-23. okt. Komin er hefð á að bókasafnið sé með stóran bókamarkað á þessum tíma, og að þessu sinni stóð markaðurinn í 10 daga, bæði gjafabækur og bækur sem er búið að grísa.

Í Norrænu bókasafnavikunni var slökkt á ljósunum á bókasafninu þann 14. nóv. kl. 17 þegar Jón Reynir Sigurvinsson skólameistari MÍ las texta með þema ársins sem var Framtíðin á Norðurlöndunum. Emma Jóna Hermannsdóttir nemi LRÓ sýndi dans.

Bókakynningar. 26. nóvember kynnti Reynir Traustason nýja bók sína Fólk á fjöllum: ævintýri í óbyggðum. Þann 10. desember las Sóley Eiríksdóttir upp úr bók sinni Nóttin sem öllu breytti og spjallaði við áheyrendur, um sögu sína og fólksins sem upplifði snjóflóðið á Flateyri 1995.

Þröstur Jóhannssonar hélt útgáfuhóf 15. nóvember þar sem bókin Bjalla og bæjarstjórinn sem gat ekki flogið var kynnt.

Opnunartími. Opið 13-18 virka daga og 13-16 á laugardögum, allt árið. Opnað var fyrir hádegi og á sunnudögum ef þurfti nokkra daga sumarsins þegar farþegar stórra skemmtiferðaskipa voru í bænum.

Útlán og safnkostur. Safnkostur skráður í Gegni var á áramótum 58.828. Lán á safnkosti drógust saman um 3.2 % á árinu. Lán hafa aukist á tímaritum og DVD diskun en útlán á bókum hafa dregist saman.

Tölvur/netaðgangur. 6 nettölvur eru í húsinu fyrir almenna notkun, 2 af þeim eru ókeypis fyrir full-orðna í 10 mínútur. Sama fyrirkomulag og fyrra ár með gjald fyrir þráðlaust net, hægt að kaupa aðgang í 1 klst., 1 dag og 1 viku. Nemar og eigendur skírteina fengu gjaldfrjálsa notkun.

Barnastarf. Skólaheimsóknir: skipulagðar leikskólaheimsóknir voru 28, 285 börn, auk óformlegra heim-sókna. Frá Grunnskólanum á Ísafirði, Þingeyri og Suðureyri komu flestir bekkir frá 1.-6. bekk í kynningu á sumarlestri. Aðrar skipulagðar heimsóknir frá grunnskólum Ísafjarðarbæjar voru 9.

Sögustundir. Pólskar sögustundir héldu áfram sem byrjað var með árið 2014. Iwona María Samson, leik-skólakennari hélt utan um sögustundirnar sem eru á laugardögum yfir veturinn. 10 skipti, 60 börn.

Bangsadagurinn. Boðið var upp á dagskrá með bangsaðema fyrir börn í 18. skipti þann 27. október. Dag-skráin var kl. 15, 45 börn heimsóttu safnið á bangsadaginn.

Sumarlestur barna á grunnskólaaldri var haldinn í níunda skipti og var kennurum 1. – 6. bekkjar G.Í. boðið að koma með bekkina í heimsókn á bókasafnið til að fá kynningu og þáðu flestir boðið. Nú var í fyrsta sinn sömu bekkjum frá Þingeyri, Flateyri og Suðureyri boðið að koma líka. Eldri bekkir gátu skráð þátt-töku á staðnum. Sumarlesturinn stendur í 3 mánuði, júní, júlí og ágúst. 78 börn tóku þátt, 24 strákar/54 stelpur. Dregið var úr lukkupottinum á uppskeruhátíð 2. sept. þar sem allir fengu viðurkenningarskjal og verðlaun og átta bókaverðlaun voru dregin úr pottinum. Styrktaraðilar voru Dressupgames, Eymundsson og Íslandsbanki.

Höfundarheimsókn. Ævar vísindamaður kom 30. nóvember í heimsókn á bókasafnið og var nemum GÍ úr 4., 5., 6. og 7. bekk boðið að koma og hlusta á hann kynna nýjustu bók sína. Einnig spjallaði hann við gesti safnsins og áritaði plaköt.

Þingeyri, Flateyri, Suðureyri. Útibúinu á Suðureyri var formlega lokað um sumarið, farið í gegnum eign safnsins og hluti af safnkosti tekinn til varðveislu á Ísafirði, í samráði við skólann og íbúafélag Suðureyrar. Engin útibú eru starfrækt lengur frá Bókasafninu.

Kennarar frá Grunnskólunum á Þingeyri og Flateyri koma á Bókasafnið Ísafirði og fá lánaðar bækur fyrir skólana.

Starfsmenn og stöðugildi. Fastráðnir starfsmenn voru þrír í 2.55 stöðugildum. Þeir voru Edda Björg Kristmundsdóttir, Helena Björk Þrastardóttir og Pernilla Rein. Freyja Rein var í tímavinnu um veturinn, Arnheiður Steinþórsdóttir var sumarstarfsmaður.

Fundir og námskeið. Edda og Pernilla fóru á námskeið í RDA skráningu í Reykjavík 29. feb.-1. mars í Reykjavík. Pernilla fór í stað Eddu á fund SFA 28.-29. apríl á Egilsstöðum. Edda, Helena og Pernilla sóttu Landsfund Upplýsingar sem haldinn var í Reykjanesbæ 29.-30. sept. Pernilla fór í kynnisferð á bókasöfn í Finnlandi og Svíþjóð 13.-26 maí. Edda fór á námskeið um tölfræði í Gegni hjá Landskerfi 5. desember.

HÉRAÐSSKJALASAFNIÐ:

Almennt

Skjalasafnið er stofnað 8. maí 1952. Safnið starfar samkvæmt lögum nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn og reglugerð um héraðsskjalasöfn nr. 283/1994. Skjalasafnið er til húsa í Safnahúsinu við Eyrartún á Ísafirði og er eitt af fjórum söfnum með sameiginlega aðstöðu þar. Umdæmi skjalasafnsins er Ísafjarðarbær og fyrrum Ísafjarðarsýslur. Afgreiðslutími skjalasafnsins er frá klukkan 13.00-17.00 alla virka daga og hægt er að sitja í lestrarsal Safnahússins til kl. 18.00.

Umsjón skjalasafnsins er í höndum Guðfinnu M. Hreiðarsdóttur, deildarstjóra. Anna Ragna Gunnarsdóttir hefur frá hausti 2016 unnið að skráningu og flokkun gagna. Sumarstarfsmaður var ráðinn til að vinna stafræn afrit af völdum skjölum í tengslum við verkefnastyrk sem safnið fékk frá Þjóðskjalasafni Íslands til skönnunar og miðlunar. Áfram var unnið við tölvuskráningu sóknarmannatala fyrir Þjóðskjalasafn Íslands og voru fjórir starfsmenn í því verkefni.

Skjalavarsla og þjónusta

Hefðbundin starfsemi skjalasafnsins felst í afgreiðslu fyrirspurna, móttöku skjala, flokkun, frágangi og skráningu jafnframt því að veita aðgang að skjölum á lestarsal. Gestakomur á skjalasafnið eru ekki margar og afgreiðslur á lessal innan við 25 skipti. Langflestar fyrirspurnir koma í gegnum tölvupóst og síma. Skráðar fyrirspurnir voru 144 en afhendingar voru samtals 28 á árinu. Safnið tekur einvörðungu við skjölum en myndir eru afhentar á Ljósmyndasafnið þar sem fyrirspurnir og afhendingar eru skráðar sérstaklega.

Skjalasafnið hefur eftirlit með skjalasöfnum afhendingarskildra aðila innan umdæmis síns og veitir viðkomandi aðilum ráðgjöf og leiðbeinir um skjalastjórn og skjalavörslu.

Námskeið og fundir

Héraðsskjalavörður og deildarstjóri sóttu fund Þjóðskjalasafns Íslands og héraðsskjalasafnanna sem var haldinn í Reykjavík 28. apríl 2016. Á fundinum var m.a. fjallað um eftirlit Þjóðskjalasafns með starfsemi héraðsskjalasafna og eftirlit opinberra skjalasafna með skilaskyldum aðilum. Einnig var farið í afgreiðslu trúnaðargagna í opinberum skjalasöfnum og fleiri mál. Árleg ráðstefna Félags héraðsskjalavara á Íslandi var haldin í Mosfellsbæ dagana 6.-7. október 2016. Á ráðstefnunni var m.a. rætt um langtímaráætlunir rafrænna gagna, öryggisáætlanir fyrir skjalasöfn, forvörslu skjala og fleira.

Þann 3. nóvember 2016 stóðu Héraðsskjalasafnið og Þjóðskjalasafn Íslands fyrir námskeiði í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði um skjalastjórn og skjalavörslu. Alls mættu 17 einstaklingar á námskeiðið frá ýmsum opinberum stofnunum á vegum ríkis og sveitarfélaga. Kennarar voru Njörður Sigurðsson og Árni Jóhannsson frá Þjóðskjalasafni Íslands og Jóna Símónía Bjarnadóttir frá Héraðsskjalasafninu Ísafirði.

Héraðsskjalavörður á sæti í samráðsnefnd héraðsskjalasafna og Þjóðskjalasafns Íslands auk þess sem hann er varamaður í stjórn Þjóðskjalasafns Íslands.

Sýningar

Skjalasafnið tók þátt í norræna skjaladeginum laugardaginn 11. nóvember 2016. Þjóðskjalasafn Íslands og héraðsskjalasöfnin voru að venju með sameiginlegan skjaladagsvef, skjaladagur.is, en í ár var yfirskrift dagsins „Til hnífs og skeiðar“. Síndi safnið skjöl og myndir er tengdust Húsmæðraskólanum Ósk á Ísafirði og gamla uppskriftabók úr eigu Kristjönu Sigurðardóttur (1872-1958). Auk þess útbjuggu starfsmenn safns heimildamynd um kleinubakstur og gestum var boði upp á kleinur með kaffinu á skjaladaginn. Í september var sett upp sýning á skjölum, myndum og munum frá kvenskátafélaginu „Valkyrjur“ sem stofnað var 17. maí 1928. Skjalasafnið tók ennfremur þátt í ýmsum sameiginlegum sýningum safnanna í Safnahúsinu með því að leggja til í þær efni eins og ljósmyndir og skjöl. Má þar m.a. nefna sýninguna „Þorp verður til á Flateyri“ sem sett var upp í tilefni af útgáfu bókar undir sama nafni byggir á bréfum sem skrifuð voru á Flateyri í kringum aldamótin 1900.

Miðlun

Söfnin fjögur í Safnahúsinu við Eyrartún halda úti vefsíðunni safnis.is. Á síðuhluta skjalasafnsins má m.a. finna skjalaskrár og manntöl og er unnið að því að fjölga þeim til að auðvelda notendum að fá yfirlit yfir safnkost skjalasafnsins. Manntölin, sem ná fyrst og fremst yfir Ísafjarðarkaupstað, eru talsvert notuð og stefnt að því að bæta við fleiri árum þar. Skjalasafnið fékk verkefnastyrk frá Þjóðskjalasafni Íslands til að vinna stafræn afrit af völdum skjölum sem munu verða aðgengileg á vef safnsins innan tíðar.

Héraðsskjalasafnið er aðili að vefnum einkaskjalasafn.is sem er samskrá yfir einkaskjalasöfn á landinu og er í samstarfi Þjóðskjalasafns, héraðsskjalasafnanna og Landsbókasafns-Háskólabókasafns.

LJÓSMYNDASAFNIÐ:

Yfirlit yfir einstök ljósmyndasöfn og afhendingar raðað eftir aldri mynda:

Ljósmyndarar / afhendingar:	Fjöldi	Gerð mynda	Tímabil	Umbúðir	Skráning	Stafrænt
Ýmsir ljósmyndarar eldri (1993-)	11.822	pappír s/h	1870-1930	sýrufrítt	registur	2.242
Gunnar Hvammdal (2009) áætl.fj.	1.000	pappír/filma	1880-1950	sýrufrítt	óskráð	
Björn Pálsson (1971)	13.159	gler s/h	1891-1915	sýrufrítt	Spjaldskrá/ exc	1.588
C.G.A. Rasmussen (2006)	300	6x6 s/h filma	1910-1920	sýrufrítt	sarpur	231
M. Simson einkasafn (1990)	380	gler s/h	1915-1960	sýrufrítt	sarpur	316
M. Simson stofumyndir (1974)	29.561	gler s/h	1918-1957	sýrufrítt	registur	
Guðm. frá Mosdal einkasafn (1990)	722	6x9 filma s/h	1930-1960	sýrufrítt	óskráð	
Sigurgeir B. Halldórsson (2008) (2014)	945	6x6 filma s/h gler	1930-1970	sýrufrítt	á vef/Sarpur	945
Ýmsir ljósmyndarar yngri (1993-)	14.166	filma/pappír	1931-1980	sýrufrítt	óskráð	
Ágúst Leósson (2008)	1.000	6x6 s/h filma	1940-1970	sýrufrítt	óskráð	201
Arnþrúður Aspelund stofumyndir (2007)	3.000	gler s/h	1943-1974	sýrufrítt	registur	
Arnþrúður Aspelund (2011-2012)	1.051	Pappír/ gler	1943-1974	sýrufrítt	registur	
Kristín Magnúsdóttir (með safni A.A.)	385	gler s/h	1943-1974	sýrufrítt	óskráð	
Jón Hermannsson	10.037	35 s/h / litfilma	1950-1990	sýrufrítt	óskráð	433
Jón A. Bjarnason stofumyndir (1974)	6.331	gler / filma s/h	1958-1971	sýrufrítt	registur	
Haukur Sigurðsson stofumyndir (2008)	24.000	35 / 6x6 s/h litfilma	1968-1976	sýrufrítt	registur	1.319
Leo Jóhannsson einkasafn (2002)	1.000	35 / 6x6 litfilma	1970-1985	sýrufrítt	óskráð	
Leo Jóhannsson stofumyndir (1993)	25.200	35 / 6x6 litfilma	1970-1985	sýrufrítt	spjaldskrá	
Vestfirska Fréttablaðið (1995)	24.600	35 s/h filma	1975-1995	sýrufrítt	tímalisti	
Árný Herbertsdóttir stofumyndir (2007)	30.000	35 / 6x6 litfilma	1977-1983	sýrufrítt	registur	
Bæjarins Besta (2006)	14.400	pappír	1983-2000	sýrufrítt	tímalisti	
Bæjarins Besta (2009)	33.120	pappír	1983-2000	sýrufrítt	Access	
Bæjarins Besta (2009)	86.400	35 / 6x6 litfilma	1983-2000	sýrufrítt	Access	
Árný Herbertsdóttir stofumyndir (2008)	39.400	35 / 6x6 litfilma	1984-2000	sýrufrítt	registur	
Þorsteinn J. Tómasson (2008)	75.907	stafrænar (JPG)	2001-2007	netþjónn	tímalisti	75.907
Kvenfélagið Ársól Suðureyri (2005)	415	pappír	1930-1940	sýrufrítt	óskráð	
Jónas Magnússon Ísafirði (2011)	4.004	pappír/filmur		sýrufrítt	óskráð	
Karitas Hafliðadóttir (2011)	169	pappír		sýrufrítt	óskráð	
Margrét og Anna Halldórsdætur (2012)	155	pappír/gler sh		sýrufrítt	óskráð	
Knattspyrnufélagið Hörður (2012)	500	pappír		Sýrufrítt	óskráð	
Þorvaldur Jónsson læknir ofl (2012)	300	pappír	1890-1940	sýrufrítt	óskráð	
Pálsætt (2012)	45	pappír		sýrufrítt	óskráð	
Gunnlaugur Finsson (2013)	250	pappír /filmur		sýrufrítt	óskráð	36
Jón Hermansson (2013)	407	pappír	1950-1990	sýrufrítt	óskráð	
Sigríður J. Bjarnadóttir (2013)	100	pappír		sýrufrítt	óskráð	
Hjálmar Bárðarson (2013)	119	Slides/pappír		sýrufrítt	óskráð	60

Sigurður R. Ólafsson (2013)	251	pappír		Sýrufrítt	óskráð	
Arnar Geir Hinriksson (2013)	70	pappír		Sýrufrítt	óskráð	64
Páll Pálsson (2013)	106	Pappír /albúm		Sýrufrítt	óskráð	106
Þórunn Gestsdóttir (2014)	184	Pappír/slides/filmur	1996-1998	Sýrufrítt	óskráð	
Ólafur Magnússon (2014)	47	Gler/pappír		Sýrufrítt	óskráð	
Guðmundur Páll Einarsson (2014)	112	pappír		Sýrufrítt	óskráð	
Páll Guðmundsson (2014)	365	Pappír/filmur/alb		Sýrufrítt	óskráð	
Hulda Jónsdóttir (2014)	91	Pappír		Sýrufrítt	óskráð	91
Guðmundína Vilhjálmisdóttir (2014)	50	Pappír		sýrufrítt	óskráð	
Bakkaskjól / Eyraskjól (2014)	1000	Pappír		Sýrufrítt	óskráð	
Gunnlaugur Jónasson (2015)	156	Pappír		Sýrufrítt	Óskráð	156
Jón Magnússon (2015)	90	Pappír		Sýrufrítt	Óskráð	90
Oddur Pétursson (2015)	31	Pappír		Sýrufrítt	Óskráð	
Anna Jóna Guðmundsdóttir (2015)	144	Pappír/Albúm	1951-1952	Í vinnslu	Óskráð	
Bjarni Oddur Guðmundsson (2015)	41	Pappír		Sýrufrítt	Óskráð	
Barnaskólinn í Hnífsdal (2015)	90	Pappír		Sýrufrítt	Óskráð	
Ingimar H. Ingimarsson (2016)	96	Pappír		Sýrufrítt	Óskráð	
Margrét Geirsdóttir (2016)	9	Pappír		Sýrufrítt	Óskráð	
Jóhanna Þórarinsdóttir (2016)	220	Pappír		Sýrufrítt	Óskráð	
Sverrir Gíslason (2016)	200	Pappír		Sýrufrítt	Óskráð	
Unnur Gísladóttir (2016)	96	Pappír		Sýrufrítt	Óskráð	
Katrín Gísladóttir (2016)	83	Pappír		Sýrufrítt	Óskráð	
Þórarinn Brynjólfsson (2016)	57	Pappír		Sýrufrítt	Óskráð	
Elísabet Sigurgeirsdóttir (2016)	38	Pappír		Sýrufrítt	Óskráð	
Unnur Gísladóttir (2016)	96	Pappír		Sýrufrítt	Óskráð	
Litli Leikklúbburinn						
Samtals	457.972		1870-2007			83.785
31.12 2016						

Safninu bárust 19 einkamyndasöfn á árinu. Alls bættust 873 myndir við safnið. Á árinu var unnið við frágang eldri safna og eru öll söfn nú komin í sýrufríar umbúðir. Á árinu 2016 fékk safnið 24 fyrirspurnir vegna ljósmynda. Í safninu eru nú um 457.972 filmur og ljósmyndir. Úrval úr safninu hefur verið gert aðgengilegt á vefnum <http://safnis.is/is/ljosmyndasafnid-isafirdi/myndasofn/> en síðustu ár hefur verið gert átak í því að skanna inn efni til birtingar á vefnum.

Helsu verkefni ársins 2016 voru:

Gengið var frá söfnum sem borist höfðu í sýrufríar umbúðir og stór hluti þeirra skannaður.

Sumarstarfsmaður vann við skönnun ljósmynda.

Ágúst Atlason ljósmyndari vann tímabundið á safninu við að skanna og mynda varðveislueintök.

SÝNINGAR OG ATBURÐIR Í SAFNAHÚSINU:

Gestir á sýningum og atburðum voru um 4100 (3990) - sýningar og atburðir í húsinu voru: 30

Þessar sýningar og atburðir voru í húsinu á árinu:

Bókaspjall í alls fjögur skipti

Volunteering is a Two-Way Street—Eve Markowitz Preston

Vex/Growing—Ólöf Dómhildur

100 ára barátta launafólks—Baldur og Sjómannafélagið

Listasýning Andreu Valgerðar Jónsdóttur og Þórðar Ingólfs Úlfs

Móttaka vegna Fossavatnsgöngunnar

Vinarbæjarheimsókn frá Kaufering—vinarbæjarteppi

ASAD— gjörningur á Eyrartúni

Sumarsýning—Jólin og jólasveinarnir

Sumarlestur barna og uppskeruhátíð

Bókasafnsdagurinn

Sögustundir á pólsku

Bangsadagurinn

Listasýningin Endurbókun—Arkir

Norræna bókasafnavikan

Úr fórum Árna Aðalbjarnarsonar Ísafirði – ljósmyndir og teikningar

Bókakynning: Fólk á fjöllum—Reynir Traustason

Útgáfuhóf: Bjalla og bæjarstjórinn sem ekki gat flogið—Þröstur Jóhannesson

Ævar vísindamaður

Veturnætur:

- Grúskarar í rökkrinu—bókamarkaður
- Listamannaspjall Árna Aðalbjarnarsonar

Bókakynning: Nóttin sem öllu breytti—Sóley Eiríksdóttir

Skyrgámur kom í heimsókn

Jólasýning— Fánýtur fróðleikur um jólin

Norræni skjaladagurinn —Kleinubakstur að gömlum sið

Sýning byggð á gömlum sendibréfum

Kvenskátafélagið Valkyrjan —örsýning

Þá tóku söfnin í húsinu þátt í heimkomuhátíð og tekið var á móti rútum af skemmtiferðaskipum

STARFSMENN:

Edda B. Kristmundsdóttir, bókasafnsfræðingur (100%), Helena Björk Þrastardóttir, bókavörður (100%) , Pernilla Rein, bókasafnsfræðingur (60%) og Arnheiður Steinþórsdóttir og Freyja Rein Grétarsdóttir bókaverðir í hlutastarfi. Guðfinna Hreiðarsdóttir skjalavörður (100%), Anna Ragna Gunnarsdóttir safnvörður (100%) – og eftirtaldar tímabundið við verkefni fyrir Þjóðskjalasafn: Guðrún Valborg Kristinsdóttir, Sigríður Káradóttir, Svanhildur Þórðardóttir, Ester Ingadóttir, Jóhanna Guðmundsdóttir og Kristín Hreinsdóttir. Ágúst G. Atlason tímabundið á Ljósmyndasafninu. Þá vann Mateusz Samson fyrir söfnin hluta úr sumri. Jóna Símonía Bjarnadóttir forstöðumaður (100%).

HÚSNÆÐISMÁL:

Í marz flæddi aftur í kjallara hússins. Það var lán í óláni líkt og síðast að það tókst að bjarga öllum safngögnum en kjallari hússins skemmdist nokkuð og er orðið brýnt að hann verði lagfærður sem fyrst. Mikil vinna var að hreinsa húsnæðið.

Á árinu var undirritaður samningur um leigu á aðstöðu fyrir geymslur safnanna í Norðurtanganum og vonir standa til að hægt verði að flytja aðstöðuna þangað í lok árs.